



## **Þjónustusamningur milli Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE og Markaðsstofu Norðurlands**

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE (561192-2199) sem verkkaupi og Markaðsstofa Norðurlands (460112-2140), sem verksali, gera með sér svohljóðandi þjónustusamning.

1. Markaðsstofa Norðurlands, hér eftir nefnt MN, starfar sem áfangastaðastofa Norðurlands í umboði SSNE. Hlutverk og markmið áfangastaðastofu eru skilgreind í samningi SSNE við Ferðamálastofu um rekstur áfangastaðastofu Norðurlands frá 30. apríl 2024 sem gildir til 31. desember 2024. Markaðsstofa Norðurlands tekur að sér hlutverk Áfangastaðastofu fyrir svæðið frá Borðeyri til Bakkafjarðar. Á því svæði eru 15 sveitarfélög og starfa á þeirra vegum tvö landshlutasamtök, SSNE og SSNV. Starfssvæði áfangastaðastofu Norðurlands nær þannig yfir um þriðjung af Íslandi eða um 36.000 km<sup>2</sup> og 28 þéttbýliskjarna.
2. Samstarf áfangastaðastofu og landshlutasamtakanna er skipulagt með það að markmiði að tryggja reglulega upplýsingagjöf og skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Ferðaþjónustan kýs fimm aðila í stjórn á aðalfundi skv. skipulagsskrá MN auk varamanna og landshlutasamtökin tvö tilnefna hvort sinn stjórnarmann í stjórn MN auk varamanns. Stjórn SSNE tilnefnir stjórnarmann til tveggja ára og varamann.
3. MN vinnur að fjölgun ferðamanna til Norðurlands til hagsbóta fyrir atvinnulífið. MN er sjálfseignarstofnun sem stofnuð er af Ferðamálasamtökum Norðurlands eystra og Ferðamálasamtökum Norðurlands vestra. Tilgangur stofnunarinnar er að samræma og annast markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi, efla samstarf, samvinnu, þekkingu og fagmennsku meðal ferðaþjónustuaðila ásamt því að vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustuna á Norðurlandi.
4. MN annast alla almenna markaðssetningu Norðurlands með útgáfu og dreifingu vandaðs kynningarefnis fyrir ferðamenn ásamt því að halda úti vandaðri heimasíðu sem gefi raunhæfa mynd af ferða- og afþreyingarmöguleikum á viðkomandi svæði og Norðurlandi. MN sér jafnframt um kynningu sveitarfélaganna á sameiginlegri vefsíðu um Norðurland, [www.nordurland.is](http://www.nordurland.is).
5. MN hefur umsjón með helstu samstarfsverkefnum ferðamála. Þar á meðal er samstarf við ferðamálafulltrúana á Norðurlandi, ferðamálaklasa, erlendar og innlendar ferðaskrifstofur, flugfélög, Markaðsstofur landshlutanna, Höfuðborgarstofu, SAF, og aðra samstarfsaðila á sviði ferðamála.
6. MN tryggir kynningu landshlutans í öllum almennum verkefnum á vegum MN, þar með talið kynningarbæklingum og ferðahandbókum, ferðasölusýningum hér heima og erlendis. Auk þess mun ferðaþjónustufyrirtækjum á svæðinu gefast kostur á þátttöku í sérstökum markaðsverkefnum í samstarfi við MN.



7. Þeir starfsmenn sem ráðnir verða til MN til þess að sinna hlutverkum áfangastaðastofu geta, ef aðstæður leyfa, fengið starfsaðstöðu hjá landshlutasamtökunum sem leggja til á sinn kostnað húsnæði, fundaaðstöðu og kaffiaðstöðu. MN sér um allan rekstur starfsmanna og annan kostnað sem fylgir þeirra verkefnum þar með talið laun, verkefnafé og ferðakostnað. Starfsmenn MN geta óskað eftir aðgengi að vinnuaðstöðu og fundarherbergjum hjá SSNE. MN auglýsir lausar stöður án staðsetningar ef aðstæður leyfa, þannig að starfsmenn geti verið staðsettir hvar sem er á starfssvæðinu.
8. MN heldur aðalfund fyrir 1. júní ár hvert og auk þess upplýsingafundi eftir þörfum á ári með samstarfsfyrirtækjum og fulltrúum sveitarfélaga, þar sem farið verður yfir verkefni í vinnslu og áætlanir sem unnið er eftir á hverjum tíma. Á aðalfundi skal MN skila skýrslu um starfsemi félagsins ásamt endurskoðuðum ársreikningi næsta árs á undan. MN sendir starfsáætlun í upphafi árs til SSNE.
9. MN sendir samstarfsaðilum reglulega upplýsingar um stöðu verkefna og það sem efst er á baugi hverju sinni.
10. Kostnaðarþátttaka í sérverkefnum sem unnin eru fyrir einstök sveitarfélög ákvarðast hverju sinni sérstaklega af samningsaðilum.
11. Gjald fyrir þjónustu verksala miðast við íbúafjölda aðildarsveitarfélaga SSNE og er kr. 500.- pr. íbúa og miðast greiðsla við íbúafjölda 1. des 2023. Fjármögnun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á Áfangastaðastofu Norðurlands skv. samningi SSNE við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem tilgreindur er í 1. grein samnings þessa, rennur auk þess óskipt til Markaðsstofu Norðurlands.
12. Árgjaldi SSNE verði skipt í 2 jafnar greiðslur sem greiðast samkvæmt reikningi.
13. Samningsaðilar geta hvor sig óskað eftir því einstök ákvæði samningsins eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
14. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2024 og er til eins árs og rennur þá út 31. desember 2024. Samningurinn miðast við samning SSNE og SSVN við Ferðamálastofu sem nefndur er í 1. grein þessa samnings og er gildistíminn því aðeins eitt ár í samræmi við þann samning.

10. maí 2024

F.h. SSNE

F.h. Markaðsstofu Norðurlands

---

---